



Fjölskylda og félagsleg þjónusta

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir

Netfang/netföng:

gudrun.hallgrimsdottir@borgo.is

Lýsing:

Fjallað er um helstu fjölskyldugerðir í nútímasamfélagi og þær breytingar sem hafa orðið á fjölskyldum og hlutverki þeirra í sögulegu ljósi. Einnig eru skoðaðar ólíkar félagslegar þarfir sem og félagslegir erfiðleikar sem geta komið fram í fjölskyldum og lagalegur réttur þeirra til félagslegrar þjónustu.

Þekking, leikni, hæfni:

Í áfanganum öðlast nemandinn þekkingu og skilning á fjölbreytileika fjölskyldna og hlutverk þeirra í nútímasamfélagi. Áherslum og aðgengi að félagslegri þjónustu sveitarfélaga og forsendum réttinda. Farið er yfir barnaverndarlögin, farsældarlögin, barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðin þau sett í samhengi fyrir börn sem búa við krefjandi aðstæður. Rýnt verður í aðstæður fólks og fjölskyldna sem eiga í félagslegum vanda, seinfærra foreldra og mikilvægi þess að kunna að afla sér viðeigandi upplýsinga með því að rýna í lög og reglugerðir og kynna sér ólík úrræði til að geta vísað fólki áfram til að leita lausna í erfiðri stöðu með víðsýni og umburðarlyndi að leiðarljósi.

Námsmat:

Mæting og þátttaka í umræðum í áfanganum - 15%
Einstaklingsverkefni - 25%
Kynning á félagslegu úrræði - 15%
Hópverkefni - 20%
Dagbókarskrif - 15%
Netkönnun - 10%

Námsgögn:

Námsefni frá kennara sem birtist inn á [inna.is](#) ásamt upplýsingaleit á netinu, bókasafni og út á vettvangi

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Það verða engir umræðutímar á netinu á ákveðnum tímum heldur hafið þið tækifæri á að leggja ykkar framlag í umræðuna á þeim tíma sem hentar ykkur miðað við ykkar líf og/eða vinnu fyrir miðnætti á miðvikudögum í hverri viku. Sjá nánari leiðbeiningar um það efni sem á að koma fram í umræðuþráðum inn á [inna.is](#) undir Umræður.

Hægt er að setja inn fyrirspurnir og almennar umræður í sérgerðan umræðuþráð undir umræður á innu út önnina og þar er öllum frjálst að spyrja og svara fyrirspurnum frá öðrum.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst	Lota 1 - kynning á áfanganum og helstu áhersluatriðum	Verkefni
2	26.-30. ágúst	Félagsþjónusta sveitarfélaga og ráðuneytin	Verkefni
3	2.-6. sept.	Umboðsmaður barna	
4	9.-13.sept.	Innflytjendur og fötluð börn	
5	16.-20.sept	Börn og fjölskyldur á Norðurlöndum - að hafa áhrif	Verkefni
6	23.-27. sept.	Mannréttindi og heimsmarkmiðin	
7	30.sept.- 4. okt.	Lota 2 - einstaklingsverkefni, kynning á úrræði og umræður	Verkefni
8	7.-11. okt.	Farsæld barna	
9	14.-18. okt.	Einelti og samskiptavandi	Verkefni
10	21.-23. okt.	Haustré - hvíld frá námi, njótið með ykkar nánustu	Haustré
11	28. okt.-1. nóv.	Einstök börn, Sjónarhóll og önnur úrræði	
12	4.-8. nóv.	Foreldrahús	Verkefni
13	11.-15. nóv.	Suðningsþjónusta við fjölskyldur á vegum sveitarfélaga og ríki	Verkefni
14	18.-22. nóv.	Skólaforðun barna og vinnutengd streita fullorðinna	
15	25.-29. nóv	Lota 3 - hópverkefni, kynningar og umræður	Verkefni
16	2.-6. des.	Heimakönnun	könnun
17	9.-12. des	Einkunnagjöf	Síðasti kennsludagur

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.